

leysi eiganda Haffrúar eða manna hans að festa Haffrúna við Gunnar eins og gjört var, heldur hafi mátt telja það sæmilega örugt á jafn góðri skipalegu og Reykjavíkurhöfn. Og þar sem reglugjörðin ekki heldur segir neitt nánar fyrir um, hvernig slíku skuli haga til, þegar bát, sem í ábyrgð er, er lagt á höfnum utan Vestmannaeyja, verður rétturinn með hliðsjón af því, sem hér hefir verið krafizt, að telja ekki óforsvaranlega frá bátnum gengið, samanborið við þetta.

Af ofangreindum ástæðum þykir rétt að taka kröfur kæranda til greina og dæma hið stefnda félag til að greiða skaðabætur samkvæmt áður nefndum kröfum hans. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 300 kr. í málskostnað.

Dómsuppkvaðning hefir dregist vegna fjarveru eins meðdómanda á Siglufirði í allt sumar og fram í október.

Miðvikudaginn 29. jan. 1930.

Nr. 139 1929.

Valdstjórnin (Guðm. Ólafsson)
gegn

Sigurði Z. Guðmundssyni
(Magnús Guðmundsson).

Áfengisl. og bifreiðarl.brot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 8. nóv. 1929: Kærður, Sigurður Z. Guðmundsson, greiði 125 króna sekt, sem renni í rikissjóð og aflánist með einföldu fangelsi í 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal hann og sviftur leyfi til að aka bifreið í 4 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi og að því viðbættu, að kærði hefir einnig brotið gegn 3. gr. bifreiðarlaganna,

ber að staðfesta dóminn og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 40 kr. til hvors.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Lögregluréttardóminum skal óraskað, og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Sigurður Z. Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málf lutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Magnúsar Guðmundssonar, 40 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Sigurði Z. Guðmundssyni verzlunarmanni og bifreiðarstjóra, Lauga-veg 42, hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 56, 1926, um notkun bifreiða, áfengislaganna nr. 64/1928, og lög- reglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, sem sannaðir eru með eigin játningu kærðs, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Nóttina milli 2. og 3. október síðastl., kl. 12¹/₂, varð lög- reglan vör við bifreiðina RE. 275, var bifreiðin ljóslaus og var henni ekið inn í Austurstræti úr Aðalstræti og náði hún ekki beygjunni og ók upp á gangstéttarhornið við verzlunina London, og lenti síðan tvisvar utan í gangstéttinni á Austur- stræti, er hún ók áfram. Lögreglan fékk sér bifreið og ók á eftir bifreið þessari og náði henni norðarlega í Ingólfsstræti. Bifreiðarstjórinn á bifreið þessari var kærður í máli þessu, og virtist lögreglunni hann vera tölvert drukkinn, þótt hann

væri stilltur. Tók þá lögreglan bifreiðina af kærðum og einnig ökuskirteinið og hefir hann verið sviftur því síðan. Sjálfur hefir kærður viðurkennt að hafa drukkið slatta úr portvinsflösku heima hjá sér um kvöldið klukkan að ganga 11, og kveðst hafa fundið á sér áhrif vins af því, vegna þess að hann hafi verið þreyttur og kvefaður. Tók hann síðan bifreiðina og ók henni.

Framantalið brot kærðs, sem ekki hefir áður gjörzt brotlegur við bifreiðarlögin eða áfengislögin, ber að álitum dómars að heimfæra undir 5. gr. laga nr. 56/1926, og 20. gr. laga nr. 64, 1928, og 46. og 48. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 125 króna sekt, sem renni í ríkissjóð og afplánist með einföldu fangelsi í 10 daga verði hún ekki greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal hann og sviftur leyfi til að aka bifreið í 4 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Einnig greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 31. jan. 1930.

Nr. 76/1929. **Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja**

gegn

Stefáni Árnasyni, f. h. E. Mullers Enke, Kaupmannahöfn.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.
